

Kárahnjúkavirkjun

Rannsóknir á gróðri í Kringilsárrana

Lýsing gróðurs og uppsetning vöktunarreita



Landsvirkjun

Mars 2007

Skýrsla nr: LV-2007/036Dags: Mars 2007Fjöldi síðna: 50 Upplag: 15 Dreifing: ☒ Opin ☐ Lokuð tilTitill: Rannsóknir á gróðri í Kringilsárrana. Lýsing gróðurs og uppsetning vöktunarreita.Höfundar: Guðrún Áslaug Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir á Náttúrustofu AusturlandsVerkefnisstjóri: Pétur IngólfssonUnnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____


Útdráttur: Markmið athuganna eru tvenns konar. Meginmarkmið verkefnisins er að leggja grunn að vöktunarrannsóknum sem miða að því að fylgjast með hugsanlegum breytingum á gróðri í Kringilsárrana á næstu árum, einkum með hliðsjón af tilkomu Háslóns. Reiknað er með að tengja saman vöktun með gervitunglamyndun og vöktun á föstum reitum á svæðinu.

Annað markmið var að kanna hvort líklegt væri að miklar breytingar á gróðri væru að eiga sér stað í Kringilsárrana. Orðrómur hafði verið um að gróður í Kringilsárrana hafi rýrnað á allra síðustu árum. Ekki eru til nákvæmar mælingar á ástandi gróðurs á svæðinu á árum áður þannig að mat á ástandi gróðurs byggist fyrst og fremst á ástandinu eins og það var sumarið 2006 en einnig er það borið saman við nýleg gögn sem eru gróðurkort frá 2000.

Lykilorð: Kringilsárrani, gróður, vöktun, fjarkönnun

ISBN nr: _____

ISSN nr: _____

Undirskrift verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Rannsóknir á gróðri í Kringilsárrana

Lýsing gróðurs og uppsetning vöktunarreita



Guðrún Áslaug Jónsdóttir
Kristín Ágústsdóttir

Unnið fyrir Landsvirkjun

INNGANGUR	2
FYRRI RANNSÓKNIR Á GRÓÐRI Í KRINGILSÁRRANA.....	2
AÐFERÐIR	5
NIÐURSTÖÐUR	7
<i>ÁSTAND GRÓÐURS.....</i>	<i>7</i>
<i>REITIR</i>	<i>9</i>
<i>TEGUNDIR</i>	<i>11</i>
UMRÆÐUR.....	11
HEIMILDIR.....	13

VIÐAUKAR

VIÐAUKI 1. TEGUNDALISTI

VIÐAUKI 2. ÞEKJA TEGUNDA Í REITUM

VIÐAUKI 3. JARÐVESDÝPT OG HÆÐ GRÓÐURS Í REITUM

VIÐAUKI 4. STAÐSETNING REITA - HNITASKRÁ

VIÐAUKI 5. MYNDASKRÁ

Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar tók Náttúrustofa Austurlands að sér að kanna ástand gróðurs og koma upp reitum til gróðurvöktunar í Kringilsárrana.

Markmið athuganna eru tvenns konar. Megin markmið verkefnisins er að leggja grunn að vöktunarrannsóknnum sem miða að því að fylgjast með hugsanlegum breytingum á gróðri í Kringilsárrana á næstu árum, einkum með hliðsjón af tilkomu Háslóns. Reiknað er með að tengja saman vöktun með gervitunglamyndum og vöktun á föstum reitum á svæðinu. Þetta er gert til að freista þess að fá sem skýrasta mynd hvort breytingar verða og ef þær verða hvernig þær verða m.t.t. umfangs, tegundasamsetningar og grósku.

Annað markmið var að kanna hvort líklegt væri að miklar breytingar á gróðri væru að eiga sér stað í Kringilsárrana. Orðrómur hafði verið um að gróður í Kringilsárrana hafi rýrnað á allra síðustu árum. Ekki eru til nákvæmar mælingar á ástandi gróðurs á svæðinu á árum áður þannig að mat á ástandi gróðurs byggist fyrst og fremst á ástandinu eins og það var sumarið 2006 en einnig er það borið saman við nýleg gögn sem eru gróðurkort frá 2000.

Unnið er að uppsetningu vöktunarkerfis sem grundvallast á notkun gervitunglamynda til greininga á gróðri og breytingum á grósku og þekju gróðurs. Þetta verkefni mun í framtíðinni tengjast þeim hluta vöktunarinnar.

Þessi skýrsla er áfangaskýrsla þar sem einungis er fjallað um hluta þess vöktunarkerfis sem áformað er að koma upp vegna gróðurs á svæðum kringum Háslón. Hér er greint frá athugunum á ástandi gróðurs og uppsetningu vöktunarreita í Kringilsárrana sem unnið var að sumarið 2006.

Fyrri rannsóknir á gróðri í Kringilsárrana

Nokkrar heimildir eru til þar sem getið er gróðurs í Kringilsárrana. Fæstar þeirra hafa þó að geyma nákvæmar lýsingar eða upplýsingar sem safnað hefur verið á þann hátt að hægt sé að bera saman að nokkru marki við ástand gróðurs nú.

Almennar lýsingar á gróðurfari eða ákveðnum einkennum þess má finna í nokkrum eldri ritum.

Þorvaldur Thoroddsen (1935) segir í ritinu *Lýsing Íslands* sem byggt er á ferðum hans á árununum milli 1880 og 1890 að: „Bændur frá Efra Jökuldal hafa upprekstur fyrir lömb sín á Kringilsárrana og eru þau haust og vor flutt á kláfrætti yfir Kringilsá” (Þorvaldur Thoroddsen 1935 bls. 195).

Steindór Steindórsson fór í Kringilsárrana 1933 í ferðum sínum til rannsókna á gróðri á hálendi Íslands (Steindór Steindórsson 1945). Í ritgerð sinni um gróður á hálendi Íslands fjallar Steindór á nokkrum stöðum um ákveðin einkenni gróðurs í Kringilsárrana. Hann segir að í brekkum niður á móti Jökulsá séu víðir og þursaskegg áberandi tegundir en vestan megin í Kringilsárrana megi finna rústamýrar að hluta þornaðar. Hann segir einnig að gróðurfjar í Kringilsárrana sé annars þannig að gróðurlendi með smárunnum (einkum víðir) séu óalgeng en aftur á móti að þar sé töluvert um gróðurgerð sem hann nefnir „brekkur“ sem er hallandi þúrlendi með þéttan tegundaríkan gróður þar sem grös eru

áberandi. Steindór nefnir einnig blágresis- og grávíðidældir sem hann segir gróskumiklar í brekkum Jökulsármegin í Kringilsárrana (Steindór Steindórsson 1945).

Helgi Valtýsson er á ferð í Kringilsárrana nokkrum sinnum, fyrst og fremst til að kynna hreindýrunum þar. Hann fer þangað fyrst 1939 og í lýsingu þess leiðangurs talar hann um „blágresid blíða, berjalautu væna, fífilbrekku, flóatetur og fífusund“ reyndar á bókum Kringilsár Sauðafellsmegin. Jafnframt segir hann að gróður í Kringilsárrana sé áþekkur, sérstaklega í neðri hluta hans og að efri hlutinn sé óðum að gróa upp (Helgi Valtýsson 1940).


Helgi Valtýsson (1945) lýsir frekar leiðöngurum sínum í Kringilsárrana í bókinni *Á hreindýraslóðum* og segir þar um Hrauka í Kringilsárrana síðari hluta ágúst 1939 „Flestir þeirra eru algrónir og þaktir kafgrasi og því bestu hagar“ (bls. 30). Enn fremur segir hann um gróður í Kringilsárrana að efsti hluti hans séu jökulaurar og sandar sem séu óðum að gróa upp en neðri hlutinn sé flatlendur og gróður þar mikill og fjölbreyttur. Í Kringilsárrana gefi að líta alls kyns öræfagróður. Efst og næst jöklinum segir hann vera strjálan aura- og eyragróður en neðar víðlend grasflæmi, flóa og mýrlendi en enn neðar vallendi og móa, marges konar blómgresi, grávíðir og einnig fjalldrapa (Helgi Valtýsson 1945).



1. mynd. Brekkur við Kringilsá, Sauðafellsmegin ofan við kláfinn.

Á árunum 1975 - 1979 voru gerðar náttúrufarskannanir á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal, þar með talið í Kringilsárrana (Hjörleifur Guttormsson ofl. 1981). Þá voru tegundir háplantna skráðar á 2 x 2 km reitum en lágplöntum safnað. Fjallað er nokkuð um gróður jökulgarða og hrauka í skýrslunni og almennt um einkenni gróðurs á svæðinu. Einnig er þar að finna tegundalista og útbreiðslukort fyrir háplöntutegundir miðað við 2 x 2 km reitaskiptingu. Um Hrauka í Kringilsárrana segir m.a. að norðan megin í Hraukum sé snjóðæld neðst en ofar graslendi með snjóðældum á milli og efst þursaskeggsmór með stinnastör ofl. Svipað gróðurfar sé sunnan í Hraukum, en gróður þar þó heldur lægri og gróskuminni (Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981). Alls skráðu Kristbjörn og Hjörleifur 39 tegundir háplantna í Hraukum en Steindór Steindórsson (1940) hafði skráð þar 23 tegundir. Þar af voru 17 tegundir sameiginlegar en 6 af þeim sem Steindór fann fundu Kristbjörn og Hjörleifur ekki og er því vitað að a.m.k. 45 tegundir hafa verið skráðar í Hraukum. Samkvæmt upplýsingum um tegundafjölbreytni í hverjum 2 x 2 km reit er tegundafjölbreytni reita í Kringilsárrana svipuð og á Vesturöræfum. Þó er nyrsti reiturinn, yst í Rananum áberandi fjölbreyttari (Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981).

Fjallað er nokkuð um gróður og vistgerðir í Kringilsárrana í skýrslunni: *Kárahnjúkavirkjun. Ábrif Háslóns á gróður smádyralíf og fugla* (Sigurður H. Magnússon ofl. 2001) sem gerð var í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar. Í tengslum við þá vinnu var farin leiðangur sérfræðinga í Kringilsárrana sumarið 2000 og var gróður m.a. kortlagður.



2. mynd. Gröðurlendi og staðsetning rannsóknareita.

Byggt var á gróðurgreiningu frá árunum 1968-1969 en greining var endurskoðuð á vettvangi sumarið 2000 og endanlegt kort byggt á því (Sigurður H. Magnússon ofl. 2001). Vestasti hluti Kringilsárrana var þó ekki kortlagður vegna þess verkefnis. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að all fjölbreytt gróðurlendi er að finna í Kringilsárrana. Mólendi er algengt í hlíðum niður á móti Jöklu. Þar eru holtasóleyjar-, krækilyngs- og víðimóar algengastir. Um miðbik Ranans, utan við Hrauka, er einnig töluvert um mólendi en þar eru graslendi, stinnastarmóar og mýrlendi líka útbreidd gróðurlendi. Gróðurþekja er víða samfelld en einnig eru stór svæði þar sem gróður er gísín. Í Hraukum er graslendi áberandi og á svæðinu innan við Hrauka er graslendi og mosagróður algengast (Sigurður H. Magnússon ofl. 2001).

Einnig var landsvæðið flokkað í vistgerðir sem skilgreina má sem land sem hefur tiltekna eiginleika hvað varðar gróður, dýralíf, jarðveg og loftslag og í mörgum tilvikum landslag. Innan vistgerðar eru aðstæður þannig að þar þrífast svipuð samfélög plantna og dýra, þótt á misjöfnum svæðum sé (Sigurður H. Magnússon ofl. 2002). Móavist er algengasta vistgerðin á því svæði sem rannskað var í Kringilsárrana. Í hlíðunum niður á móti Jöklu og Kringilsá eru holtamóavist og giljamóavist þó útbreiddar og uppi á sléttu Kringilsárrana utan við Hrauka er rústamýravit á töluverðum svæðum einkum nyrst. Rekjuvist finnst syðst og vestast á rannsóknasvæðinu (Sigurður H. Magnússon ofl. 2001).

Aðferðir

Farið var í Kringilsárrana dagana 16. – 18. og 25. ágúst 2006 til gagnasöfnunar.

Ástand gróðurs var kannað með almennum athugunum og skráningu hér og þar um svæðið þegar gengið var um það. Einnig var kannað hvort líklegt væri að gróður hefði tekið breytingum á svæðinu síðan unnið var að gagnasöfnun vegna gróðurkorts sem kom út árið 2001 (Sigurður H. Magnússon ofl. 2001). Þetta var gert með því að taka stikkprufur til gróðurgreiningar hér og þar um svæðið, en þó einkum í lónstæði Háslóns, og bera saman við þá gróðurgreiningu sem sýnd er á gróðurkortinu. Einkum var horft til þess hvort gróðurþekja hefði rýrnað.

Settir voru niður 14 reitir til vöktunar á gróðri. Í reitum var hlutfallsleg þekja tegunda mæld til að geta í framtíðinni fylgst með breytingum á tegundasamsetningu. Hæð gróðurs var mæld til að fá mælikvarða á vöxt og þroska gróðurs. Jarðvegisdýpt í reitum var mæld en jarðvegur og breytingar á honum eru mikilvægar breytur til að skýra breytilegt gróðurfar. Þessum reitum var dreift á grónasta hluta Kringilsárrana frá Sporði nyrst við ármót Kringilsár og Jöklu og inn fyrir Hrauka. Staðsetning reitanna var valin þannig að þeir voru settir niður á skurðpunktum nets með 1 km² möskvastærð og var gengið út frá að austustu reitirnir lægu sem næst væntanlegu yfirborði Háslóns en þó þannig að þeir lentu ekki í fjöru lónsins (2. mynd).

Hver reitur var merktur með flöggum á hornunum. Til að merkinganna voru notaðir litlir málmteinar (vírar) sem stungið er vel niður í jörðina og á endum þeirra eru lítil flögg (3. mynd). Hvítt flagg er í



3. mynd Reitir A merktur með mislitum veifum.

suðvestur horni reits en rauð á hinum hornunum. Litamerkingar eru til að auðvelda samanburð ljósmynda sem teknar verða af reitunum á mismunandi tímum. Gps staðsetning (viðauki 4) var tekin í SV horni reits, yfirlitsmynd tekin af reitnum og hann merktur með litlu skilti. (4. mynd, bls. 5).

Hverjum 10 x 10 m reit er síðan skipt í 100 1 m² smáreiti (5. mynd). Valdir voru tilviljanakennt 10 smáreitir, 1 m² hver til mælinga. Smáreitir voru auðkenndir með



4. mynd. Reitur staðsettur og hann merktur með litlu Skilti.

hlaupandi númeri 1-100 þannig að 1 er í SV horni og 100 í NA horni. Innan hvers þessara 10 smáreita var valinn tilviljanakennt til mælinga einn fjórðungur (0,5 x 0,5), hér eftir kallað rammi (6. mynd). Rammar voru einkenndir með bókstaf a, b, c og d, þannig að a er í SV horni og d í norðaustur horni. Þeir rammar sem valdir voru til mælinga

voru merktir með gulum flöggum á hornum nema hornið til SV var merkt með appelsínugulu flaggi. Í hverjum völdum ramma

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
41	42	43	44	45	46	47	48	49	50
51	52	53	54	55	56	57	58	59	60
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70
71	72	73	74	75	76	77	78	79	80
81	82	83	84	85	86	87	88	89	90
91	92	93	94	95	96	97	98	99	100

A5. mynd. Hverjum reit er skipt í 100 smáreiti sem einkenndir eru 1-100.

var metin hlutfallsleg þekja plöntutegunda, dýpt jarðvegs og hæð gróðurs mæld og tekin ljósmynd (myndaskrá í viðauka 5).

Þekja tegunda var mæld með sjónrænu mati á hlutfallslegri þekju hverrar tegundar af yfirborði lands innan ramma. Metin var þekja allra háplöntutegunda, algengustu fléttna en aðrar fléttur voru metnar sameiginlega sem tegundahópur. Þekja mosa var metin sameiginlega sem tegundahóps nema hélumosi var metin sérstaklega. Við þekjumatið var notaður skali sem er afbrigði af Hults-Sernander þekju skala (Sjörs 1956). Miðgildi var

Tafla 1. Breyttur Hult- Sernander skali.

Þekjuskali	Miðgildi
50-100%	75
25-50%	37,5
12,5-25%	18,8
6,3-12,5%	9,4
1-6,3%	3,6
< 1%	0,5

reiknað fyrir hvern þekjuflokk (Tafla 1). Breyting á þekjuskalanum var gerð til að halda betur utan um upplýsingar um þekjulágar tegundir (Guðrún Á. Jónsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2005).

a	b
c	d

6. mynd. Skipting 1 m² smáreits í 4 0,5 x 0,5 m ramma

Dýpt jarðvegs var mæld með því að stinga niður mjórri stöng þar til hún stöðvaðist á föstu undirlagi og mæla hversu djúp var hægt að stinga. Hæð gróðurs var metin þannig að mæld var meðalhæð hæstu sprota í hverjum fjórðungi rammans. Hæð gróðurs í ramma er meðaltal þeirra 4 mælinga. Ekki tókst að mæla meiri jarðvegsdýpt en 86,5 cm vegna þess að mælistikan sem notuð var dugði ekki til mælinga á meira dýpi.



7. mynd. Rammi 1 71b.

Tegundir háplantna utan mæltreita voru skráðar eftir því sem gengið var um Kringilsárrannann en ekki var lögð sérstök áhersla á að gera ítarlega tegundaskráningu.

Að vettvangsvinnu unnu: Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson starfsmenn Náttúrustofu Austurlands. Veður var gott og aðstæður ákjósanlegar meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstöður

Ástand gróðurs

Gróður er víða samfelldur á svæðinu innan frá Hraukum og norður að Sporði við ármót Jöklu og Kringilsár, og all gróskumikill, einkum ef tillit er tekið til þess hversu hátt svæðið liggur. Vissulega er gróður gísinn og sums staðar rofabörð, einkum vestan megin þar sem rofabörð eru á all stórum svæðum. Minni rofsvæði eru víðar um mest allan Kringilsárrana. Melar eru all víðáttumiklir vestan til á svæðinu. Ekki voru samt nein augljós merki um að gróður væri almennt að rýrna. Þótt virkt rof sé trúlega í gangi á sumum svæðum sást hið gagnstæða á öðrum þ.e. að rofabörð voru óvirk og jafnvel að lokast.



8. mynd. Vel gróið land í Kringilsárrana í ágúst 2006.


Á nokkrum stöðum var grávíðir á víðflesjum lélegur líklega vegna áfoks, og kannski beitar en á öðrum svæðum er víðir sémilega gróskumikill.

Merki um mikla beit eru víða, einkum í dældum, um og innan við Hrauka og við læki og tjarnir þar sem gróður er lágvaxinn og víðast þéttur. Beitarmerkin eru augljósust í graslendi og lágvöxnu blómlendi en minni í mýrum og mólendi með smárunnum. Líklega er að mestum hluta um gæsabeit að ræða. Á víðihríslum, einkum á bersvæðum, mátti sjá merki um hreindýrabeit og víðihríslur voru sums staðar upprifnar og blaðbitnar væntanlega af völdum hreindýra.



9. mynd. Sendin og að hluta léleg víðflesja í Kringilsárrana í ágúst 2006.

Greining á gróðri og þekju hans sem gerð var á nokkrum stöðum, einkum í lónstæðinu Jökulsármegin, og borin saman við gróðurkortid frá 2001 (Sigurður H. Magnússon ofl. 2001) sýndi að þekja gróðurs var síst minni 2006 en táknað var á gróðurkortinu. Almennt var mat rannsóknarmanna 2006 á þekju það sama og það sem táknað var á kortinu en sumstaðar jafnvel meira (10. mynd, bls. 8).



10. mynd. Gróðurþekja og staðsetning rannsóknareita.

Reitir

Alls voru merktir 14 reitir sem einkenndir eru með bókstöfunum A til M (10. mynd, bls. 8). Hæð gróðurs mældist yfirleitt lítil í öllum reitum og mest meðalhæð í reit var um 6.5 cm í reit N. Meðal dýpt jarðvegs er mismikil milli reita frá tæpum 12 cm í reit E og upp í meira en 86 cm (dýpra var ekki mælt) í nokkum reitum (Tafla 2, viðauki 3). Fjöldi háplöntutegunda var frá 12 tegundum í reit N og upp í 26 tegundir í reit M. Tegundir virðast heldur færri í reitum sem eru innan við Hrauka og á vesturjaðri reitasvæðisins heldur en í reitum utan (norðan) við Hrauka (Tafla 2, viðauki 2).

Reitur A er um 1 km innan við Hrauka við Jökullæk nálægt áætluðu yfirborði Háslóns. Gróður er lávaxinn og ber einkenni háfjallamóa þar sem snjór liggur að vetri. Tegundir eins og grasvíðir og hélumosi, ásamt öðrum mosum og breyskjutegundir eru áberandi. Þar er jarðvegur misdjúpur en yfirleitt fremur grunnur (3. mynd, bls. 4, tafla 2.).

Tafla 2. Gerð gróðurlendis, meðaljarðvegisdýpt (cm), meðalhæð gróðurs (cm) og fjöldi háplöntutegunda í reitum A-N. * ekki var mæld meiri dýpt en 86.5 cm, ** ekki eiginlegur jarðvegur heldur sandur og mól.

Reitur	Gróðurlendi	Jarðvegisdýpt (cm)	Meðalhæð gróðurs (cm)	Fjöldi háplöntutegunda
A	Mosagróður/mólendi	13.47	1.98	18
B	Mosagróður/mólendi	25.3	1.75	16
C	Graslendi	22.81	5.57	16
D	Graslendi, snjódæld	>86.5*	3.3	22
E	Melur	10.52**	0.1	14
F	Mólendi/snjódæld	38.7	1.77	13
G	Mólendi	51.8	2.39	19
H	Mólendi	>86.5*	1.72	17
I	Mólendi/snjódæld	12.94	1.68	23
J	Mólendi	68.07	1.91	20
K	Graslendi/blómlendi	43.83	3.39	20
L	Mólendi	> 86.5*	4.08	22
M	Graslendi/ mólendi	>86.5*	2.48	26

Reitur B er staðsettur um 1 km innan við Hrauka og um 1 km frá áætluðu yfirborði Háslóns að austan. Gróður er þar lágvaxinn háfjallamóa- og snjódældagróður og svípar til gróðurs í reit A en meira ber þó á krækilyngi og fléttum. Jarðvegur er misdjúpur en yfirleitt töluverður (Tafla 2, 11. mynd).



11. mynd. Reitur B innan við Hrauka.


Reitur C er í Hraukum nálægt áætluðu yfirborði Háslóns. Reiturinn er í brekku sem hallar til austurs eða niður að lóninu. Graslendi er í reitnum og grastegundir svo sem túnvingull, fjallapunktur og fjallasveifgras einkenna gróðurlendið ásamt mosum. Gras var mikið bitið á athugunartíma og greining grasa í þessum reit var tafsöm. Mögulegt er að hlutfallsleg þekja tegunda sé ónákvæmt metin þar sem erfitt er greina milli afbitinna grasblaða. Gróðurhæð mældist meiri en í flestum hinna reitanna þrátt fyrir að svæðið væri mjög bitið. Jarðvegur er misþykkur en yfirleitt töluverður (Tafla 2, bls 9, 12. mynd).

Reitur D er norðan í Hraukum um 1 km frá áætluðu yfirborði Háslóns að austan. Reiturinn er á sléttlendi þar sem gróðurlendi er graslendi með blöndu af snjóðæld og mólendi. Töluverð ummerki beitar voru sjáanleg. Áberandi tegundir þar eru mosar, grastegundir, stinnastör og grasvíðir og er gróður fremur lágvaxinn. Djúpur jarðvegur mældist í reitnum (Tafla 2, bls. 9).



12 mynd. Úr reit C austan í Hraukum.

Reitur E er á lítt grónum mel 2 km frá áætluðu yfirborði Háslóns við Jöklu og stutt norðan við Hrauka (13. mynd). Mold er nánast enginn en laus mól og sandur á yfirborði. Gróður er bæði mjög gísinn og mjög lágvaxinn. Stöku smáar plöntur af grösum og blómjurtum fundust en þó furðu margar tegundir (Tafla 2, bls. 9).



13. mynd. Reitur E á mel.

Reitur F er um 800 m sunnan við Hrauka og um 2 km frá áætluðu yfirborði Háslóns við Jöklu. Snjóðældar og móagróður er á svæðinu og tegundir eins og hélumosi, grasvíðir, grávíðir og kornsúra ásamt öðrum mosum en hélumosa eru áberandi. Jarðvegur er misþykkur en yfirleitt töluverður (Tafla 2, bls. 9).

Reitur G er á sléttum bletti milli mela, um 1200 m norðan við Hrauka og um 800 m austan við Kringilsá. Gróðurlendið er snjóðæld og mólendi. Mosi er áberandi í gróðurfari bæði hélumosi og aðrar mosategundir, en einnig bar mikið að grasvíði, grávíði, krækilyngi og holtasóley. Jarðvegur er alldjúpur en gróður fremur lágvaxinn (Tafla 2, bls. 9).

Reitur H er í mólendi 1 km norðan við reit G, nálægt bakka Kringilsár (14. mynd). Jarðvegur er djúpur en gróður lágvaxinn. Algengustu tegundir þar eru krækilyng, holtasóley og mosategundir (Tafla 2, bls. 9).



14. mynd. Reitur H við bakka Kringilsár

Reitur I er nálægt áætluðu yfirborði Háslóns Jökumegin, í slakka eða dæld sem hallar niður að árfarveginum. Melar eru sitt hvoru megin við slakkann. Gróðurlendi er snjóðæld/ mólendi en gróðurþekja er gísinn. Helstu tegundir eru hélumosi, grasvíðir, ýmsar blómplöntur og aðrir mosar (7. mynd bls. 6) . Jarðvegur er misþykkur í reitnum en yfirleitt fremur þunnur (Tafla 2, bls. 9).

Reitur J er 1 km í vestur frá áætluðu yfirborði Háslóns, og um 1 km norðan við Hrauka. Í grunnri flatir dæld í mólendi. Mosategundir, þar með talið hélumosi, einkenna gróðurinn ásamt grasi, grávíði og ýmsum móategundum. Jarðvegur er djúpur en gróður lágvaxinn og á köflum gisinn (Tafla 2, bls. 9).

Reitur K er u.þ.b. 1 km frá áætluðu yfirborði Háslóns Jöklumegin. Miðja vegu milli og Kringilsár og yfirborðs Háslóns, í sendnu, þýfðu mólendi. Skammt frá eru víðiflesjur á þykkum rofabörðum. Gróður er ekki jafn lágvaxinn víða í mólendinu en gisinn. Nær enginn mosi en töluverður sandur er á yfirborði. Helstu tegundir eru túnvingull og blómplöntur svo sem lambagras og geldingahnappur. Jarðvegur er misþykkur í reitnum en yfirleitt all þykkur en sendinn (Tafla 2, bls. 9).

Reitur L er nálægt áætluðu yfirborði Háslóns Jöklumegin um 2 km norðan við Hrauka, í mólendi. Áberandi eru mosategundir, krækilyng, stinnastör og þursaskegg. Jarðvegur er djúpur og gróður heldur hávaxnari en í mörgum hinna reitanna (Tafla 2, bls. 9).

Reitur M er í mólendi/graslendi, nálægt áætluðu yfirborði Háslóns við Kringilsá, 300-400 m ofan við Töfrafoss. Áberandi tegundir eru mosar, grávíðir, stinnastör og túnvingull. Jarðvegur er djúpur en gróðurhæð oftast lítil (Tafla 2, bls. 9).

Reitur N er við áætlað yfirborð Háslóns, Jöklumegin og nálægt sporði Kringilsárrana eftir að Háslón fyllist. Þar er mýrlent, jarðvegur þykkur og hæð gróðurs meiri en í öðrum reitum. Áberandi eru mosategundir, stinnastör/mýrastör, hálmgresi og elfting en einnig víðir og krækilyng (15. mynd, Tafla 2, bls. 9).



15. mynd. Reitur N í mýri norðarlega í Kringilsárrana skammt frá áætluðu yfirborði Háslóns, Jöklumegin.

Tegundir

Alls voru skráðar 85 tegundir háplantna í Kringilsárrana í vettvangsferðum sumarið 2006. Ekki var lögð sérstök áhersla á að skrá tegundir utan reita en skráð um leið og farið var um til annarra verka. Ekki fundust sjaldgæfar eða friðlýstar tegundir. Flestar tegundir sem fundust eru algengar á landsvísi en nokkrar sem hafa megin útbreiðslu norðaustanlands svo sem dvergstör, toppastör og hvítstör (tegundalisti í Viðauka 1).

Umræður

Gróður í Kringilsárrana var víða gróskumikill og í ágætu ástandi þegar rannsóknir fóru fram sumarið 2006, einkum ef tekið er tillit til þess hversu hátt yfir sjó svæðið er. Það eru þó svæði í Kringilsárrana þar sem gróður á í vök að verjast einkum þar sem sandur er mikill yfirborði. Þetta er á nokkrum stöðum í brekkum Jökulsármegin á því svæði sem fer undir Háslón en einnig uppi á sléttu Kringilsárrana, einkum vestan til. Oftast er mólendi með holtasóley og krækilyngi, eða



16. mynd. Blágresisdæld í brekku í Kringilsárrana.

grávíðiflesjur á þessum sendnu svæðum. Hélumosi þekur stundum í rofi í þúfnakollum, í móum einkum sunnan til á svæðinu. Stórir melar þar sem jarðvegur er nánast enginn eru einkum vestan til. Mikil ummerki um beit sáust á sumum stöðum, einkum um og innan við Hrauka. Þau voru mjög augljós í dældum og við tjarnir og læki og þar voru líka ógrynni af gæsaskít þannig að ekki var um að villast að gæsir hafa verið þar að verki. Merki um mikla beit voru á graslendi Hrauka í ágúst 2006 og var það víðast nauðbitið en erfitt að segja hver hlutur gæsa og hver hlutur hreindýra er á því svæði.

Það er ekki ólíklegt að gæsabeit hafi aukist á svæðinu á undanförunum árum eða a.m.k. benda rannsóknir á gæsum til að þeim hafi fjölgað mjög á Austurlandi frá því um 1980 og fram til 2000 (Kristinn H. Skarphéðinsson og Skarphéðinn Þórisson 2000). Talið er að 300 varppör hafi verið í Kringilsárrana árið 2000 og taldar voru ríflega 600 geldgæsir í fjaðrafelli þar 1992 (Kristinn H. Skarphéðinsson og Skarphéðinn Þórisson 2000). Ekki er vitað hvort gæsum hefur fjölgað þar síðan þá. Hreindýr bíta einnig í Kringilsárrana og má gera ráð fyrir að einhver merki séu um þeirra beit. Beitamerki, sem reikna má með að séu af völdum hreindýra, sáust t.d. í mýrum og á víðihríslum á melum. Fjöldi hreindýra hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin 6 ár og hafa þau verið 200 - 250. Það hafa áður verið mun fleiri hreinýr í Kringilsárrana t.d. voru þau um 450 árið 1990 (Talningagögn Náttúrustofu Austurlands, óbirt). Beitarálag af völdum hreindýra hefur því ekki verið meira þar á undanförunum árum en áður.



17. mynd. Mynd. Flatar þúfur innan við Hrauka, sumar með hélumosa í kollinn.

Ekki er auðvelt að meta með neinni vissu hvort gróðri hefur hrakað, hann staðið í stað eða verið í framför á undan förunum árum og áratugum þar sem mælingar eða önnur óyggjandi gögn um það eru of fátækleg.

Ljóst er að gróður í Kringilsárrana hefur þótt álitlegur til beitar á 19. öld þar sem bændur á Jökuldal lögðu á sig að ferja lömb þangað á kláfi að vori og sækja þau að hausti (Þorvaldur Thoroddsen 1935). Gróðurfar í Kringilsárrana virðist hafa vakið hrifningu Helga Valtýssonar (1940, 1945) en engin formleg grasafræðileg úttekt er gerð í leiðöngum hans þangað. Gróðurlýsingar Steindórs Steindórssonar (1945) byggðar á



18. mynd. Grávíðihrísla á mel í Kringilsárrana í ágúst 2006. Sjá má spor eftir hreintarfa sem sáust bíta og rífa hísluna stuttu áður en myndin var tekin.

vettvangsathugunum 1933 og lýsingar í skýrslu Kristbjörns Egilssonar og Hjörleifs Guttormssonar (1981) byggðar á vettvangsathugunum 1978 virðast vel geta átt við þann gróður sem er að finna í Kringilsárrana nú. Allt eru þetta þó brotakenndar upplýsingar án nákvæmra staðsetninga eða mælinga sem nota má til samanburðar. Samanburður milli gróðurgreininga á gróðurkorti og gróðurgreininga sem gerðar voru 2006 á völdum svæðum í lónstæði Háslóns Jökulsármegin og upp á flatlendi


Kringilsárrana norðan við Hrauka gaf yfirleitt sömu niðurstöðu varðandi þekju gróðurs og ef eitthvað höfðu rannsóknamenn 2006 tilhneigingu til að meta þekju gróðurs heldur meiri á rýrum svæðum þar sem hélumosi er áberandi. Hafa ber í huga að þekja gróðurs er einungis flokkuð í 5 flokka við gróðurkortlagningu og almennt er byggt er á meðalþekju allstórra bletta. Aðferðin gefur því ekki tilefni til að mæla smávægilegar breytingar.



19 mynd. Dýja- og mýragróður nálægt Hraukum í Kringilsárrana í ágúst 2006.

Miðað við þau gögn sem fyrir liggja eru ekki sérstakar vísbendingar um miklar gróðurbreytingar í Kringilsárrana á undanförunum árum og áratugum en upplýsingar eru of takmarkaðar til að hægt sé að taka af öll tvímæli um það.

Reitirnir 14 sem settir voru niður eru í mismunandi gróðurlendum: Mólendi af mismunandi tagi, snjóðældum, graslendi, mel og mýrlandi. Jarðvegur er allt frá því að vera þykkur yfir í það að vera þunnur. Gróðurþekja er einnig mismikil og hæð gróðurs sömuleiðis. Nokkrir reitir verða mjög nálægt yfirborði Hálslóns eins og það er áætlað en aðrir fjær. Áætlað er að tengja upplýsingar sem safnað er í þessum reitum við greiningar á gróðri, einkum á grósku og þekju sem gerðar verða með út frá fjarkönnunarmyndum af svæðinu.



20. mynd. Reitur L. Nálægt áætluðu yfirborði Hálslóns við Jöklu um 2 km norðan við Hrauka.

Þessir reitir ættu vegna staðsetningar og breytileika, að vera gott viðmið til að fylgjast með hugsanlegum breytingu á gróðri í Kringilsárrana í framtíðinni til viðbótar við þær upplýsingar sem aðferðir fjarkönnunar gefa. Þótt fortíð gróðurbreytinga í Kringilsárrana sé ekki skjalfest ætti framtíð þeirra að verða þeim mun betur skráð.

Heimildir

Guðrún Á. Jónsdóttir, Erlín E. Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2006. *Baseline survey report. External environmental monitoring. Fjarðaál smelter project. Reyðarfjörður*. Skýrsla Náttúrustofu Austurlands. **NA-050065**.

Helgi Valtýsson 1945. *Á breindýraslóðum*. Norðri, Akureyri. 228 bls.

Helgi Valtýsson 1940. Laugarvellir og Kringilsárrani: dagbókarbrot. *Eimreiðin*; 46 (1): s. 29-32.

- Hjörleifur Guttormsson, Einar Þórarinnsson, Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson og Hákon Aðalsteinsson 1981. *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal*. Skýrsla Orkustofnunar **OS81002/VOD02**. 269 bls. + myndir.
- Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981. Gróður. **Í**: *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal*. Hjörleifur Guttormsson ritsj. Skýrsla Orkustofnunar **OS81002/VOD02** Bls. 47-208
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn Þórisson 2001. *Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir*. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands. **NÍ-01003**. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 23 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2007. Plöntuvefsjá. <http://vefsja.ni.is>
- Sigurður H. Magnússon, Guðmundur Guðjónsson, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson; Borgþór Magnússon, Hörður Kristinsson, Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2002. *Vistgerðir á fjórum hálendisvæðum*. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands. **NÍ 02006**. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 201 bls. + viðaukar.
- Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. *Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Hálslóns á gróður, smádýr og fugla*. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands. **NÍ 01004**. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík. 186 bls. + viðaukar og kort.
- Sjörs. H. 1956. *Nordisk växgeografi*. Skandinavian Universety books. Stockholm.
- Steindór Steindórsson 1945. Studies on the vegetation of the central highland of Iceland. *The botany of Iceland* ; vol 3:4. Munksgaard, Kaupmannahöfn. Bls 345-547.
- Þorvaldur Thoroddsen 1935. *Lýsing Íslands*. **3**. bindi , (1. og 2. hefti). Sjóður Þorvaldar Thoroddsen, Reykjavík. 208 bls.

Viðauki 1

Tegundalisti

Viðauki 1. Tegundir háplantna sem fundust í Kringislárran í ágúst 2006.

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Dvergstör	<i>Carex glacialis</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Eyrarrós	<i>Epilobium latifolium</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallaná	<i>Minnartia biflora</i>
Fjallapunktur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Fjallhæra	<i>Luzula arcuata</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Heiðadúnurt	<i>Epilobium bornemanii</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítstör	<i>Carex bicolor</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klappardúnurt	<i>Epilobium collinum</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lækjasteinbrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Ljósberi	<i>Viscaria alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvendlingur	<i>Gentianella tenella</i>

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Melablóm	<i>Cardaminopsis Petraea</i>
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>
Móanóra	<i>Minuartia stricta</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Móastör	<i>Carex rupestris</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Rauðstör	<i>Carex rufo</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>
Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>
Skammkrækil	<i>Sagina procumbens</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðanblóm	<i>Arabis alpina</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Toppastör	<i>Carex karusii</i>
Tröllastakkur	<i>Pedicularis flammea</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Ætihvönn	<i>Angelica arangelica</i>

Viðauki 2

Þekja tegunda í reitum

Víðauki 2. þekja tegunda (%).

Reitur A

Tegundir og tegundahópar		Rammar									
Icelandic name	Latin name	A59C	A-68-C	A-88-A	A-83-A	A-14-A	A-35 B	A-38-D	A-39-A	A-70-D	A-100 b
Augfró	<i>Euphrasia frigida</i>	<1.0	<1.0		<1.0	<1.0	<1.0	<1.0			
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>										<1.0
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>							<1.0			
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	6,3-12,5		6,3-12,5	12,5-25	1,0-6,3	1,0-6,3	1,0-6,3	12,5-25	<1.0	1,0-6,3
Gráviðir	<i>Salix arctica</i>	1,0-6,3		<1.0		<1.0	<1.0			1,0-6,3	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>			1,0-6,3				<1.0			
Hæra	<i>Luzula sp</i>		<1.0								
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	1,0-6,3	1,0-6,3	1,0-6,3	<1.0	<1.0	1,0-6,3	<1.0	<1.0	<1.0	1,0-6,3
Krækiliyg	<i>Sagina sp</i>	<1.0	<1.0				<1.0	<1.0	<1.0		<1.0
Krækiliyg	<i>Empetrum nigrum</i>						1,0-6,3		12,5-25	50-100	
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>		<1.0					<1.0			<1.0
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>								<1.0		<1.0
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>										<1.0
Stör	<i>Carex spp.</i>	<1.0									
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>										<1.0
Vingull	<i>Festuca spp</i>		<1.0	<1.0		<1.0	<1.0	<1.0			<1.0
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	<1.0						1,0-6,3	<1.0	<1.0	6,3-12,5
Hélumosi	<i>Anthella sp</i>	25-50	25-50	25-50	25-50	25-50	12,5-25	25-50	25-50	1,0-6,3	6,3-12,5
Ögreindir mosar		25-50	25-50	25-50	25-50	25-50	12,5-25	12,5-25	12,5-25	1,0-6,3	12,5-25
